

# Uppbyggingasamningur um útihreystisvæði á Suðureyri

Ísafjarðarbær, kt. 540596- 2639 og Íþróttafélagið Stefnir, hér eftir nefnt Stefnir, kt.691097-2699, gera með sér svofelldan samning uppbyggingu á útihreystisvæði á Suðureyri á árinu 2018.

## 1. gr.

Aðilar eru sammála um að Stefnir setji upp útihreystitæki á Suðureyri á árinu 2018 í tengslum við fyrirhugaða göngustíga. Félagið mun jafnframt koma að skipulagningu á göngustígum í Súgandafirði og þar með staðsetningu á útihreystitækja. Þau verkefni sem á að fara í á árinu 2018 eru að:

*Gróf kostnaðaráætlun:*

*Útihreysti tæki 5 stk.: 3.000.000 kr.*

*Jarðvegsvinna og undirlag: 3.000.000 kr*

*Stefnir áætla að heildarkostnaður við framkvæmdirnar sé 6.000.000.*

*Ísafjarðarbær 50%*

*Vinnuframlag frá Stefni 25%*

*Fjármagn frá Stefni og öðrum 25%*

## 2. gr.

Stefnir mun sjá til þess að allt umhverfi sé ávallt til fyrirmyndar meðan á framkvæmdum stendur. Stefnir ber ábyrgð á að afla tilskilinna leyfa fyrir framkvæmdunum .

## 3. gr.

Ísafjarðarbær greiðir sem framlag til framkvæmdanna kr. 3.000.000 árið 2018. Styrkurinn verður greiddur Stefni eftir úttekt við verklok. Verklok skulu vera tilkynnt í síðasta lagi 1.nóvember 2018 með lokaskýrslu og sundurliðuðu yfirliti um kostnað og afriti reikninga.

Ef framkvæmdir skv. 1. gr. samnings þessa hefjast ekki verða þær greiðslur sem inntar hafa verið af hendi vegna samnings þessa afturkræfar. Berist Ísafjarðarbæ ekki tilkynning um verklok, ásamt umbeðnum gögnum, skv. 1. mgr. 3. gr. samnings þessa fellur samningur þessi úr gildi og greiðslur ekki inntar af hendi Ísafjarðarbæjar.

## 4. gr.

Umhverfis- og eignasvið Ísafjarðarbæjar hefur eftirlit með verkinu og sjá um samskipti fyrir hönd Ísafjarðarbæjar. Brynjar Þór Jónasson, sviðstjóri umhverfis- og eignasviðs, er í forsvari fyrir sviðið. Sviðstjóri hefur eftirlit með að umgengni sé ásættanleg og að verkefninu sé eðlilega sinnt. Forsvarsmaður Stefnis vegna samnings þessa er Svava Rán Valgeirsdóttir og ber forsvarsmaður ábyrgð á framkvæmdum við uppbyggingu gagnvart Ísafjarðarbæ.

**5. gr.**

Samningur þessi er gerður með fyrirvara um samþykki bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar. Rísi mál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Vestfjarða á Ísafirði. Samningur þessi er í tvíriti og undirritaður í votta viðurvist.

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum, eitt handa hvorum samningsaðila.

Ísafirði, xx.xx 2017

F.h. Ísafjarðarbæjar

F.h. Stefnis

\_\_\_\_\_  
Gísli Halldór Halldórsson

\_\_\_\_\_  
Svava Rán Valgeirsdóttir

Vottar að rétttri dagsetningu og undirritun:

\_\_\_\_\_  
Nafn Kennitala

\_\_\_\_\_  
Nafn Kennitala